

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ársskýrsla 2021

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2021 skipuðu:

- Óskar Haukur Níelsson, formaður
- Guðjón Hreinn Hauksson, fulltrúi KÍ
- Fjóla Þorvaldsdóttir, fulltrúi KÍ
- Elísabet Siemsen, fulltrúi FÍF
- Þórður, fulltrúi SÍS

Stjórnin hélt sex fundi á tímabilinu á árinu 2021:

- 4. mars (Stjórnarfundur – verkefnaskipting)
- 28. apríl (Stjórnarfundur – yfirferð umsókna)
- 30. apríl (Stjórnarfundur – yfirferð umsókna)
- 3. maí (Stjórnarfundur – úthlutun)
- 4. maí (Stjórnarfundur – úthlutun)

Starfsemi

Forgangsráði sjóðsins á árinu voru þrjú:

1. Námsfni er styður við heilsueflingu nemenda, andlega jafnt sem líkamlega heilsu.
2. Námsgögn er styðja við aðlögun og íslenskunám innflytjenda.
3. Námsgögn sem miða að markvissri eflingu orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum.

Ákveðið var að opna fyrir umsóknir um miðjan desember og hafa umsóknarfrest fram í byrjun febrúar. Stjórn sjóðsins ákvað að halda áfram að skipta styrkumsóknunum í tvennt. Bæði var hægt að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2 m.kr. en einnig var hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4 m.kr. Hámarksfjöldi umsókna sem gátu hlotið síðarnefnda styrkinn voru tvær.

Sjóðnum bárust alls 109 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls rúmum 252,5 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um 2 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam 2,3 m.kr.

64 umsóknir (59%) féllu undir ofangreind forgangstriði ársins en 45 umsóknir (41%) féllu undir önnur áhersluatriði.

Aðalumsækjendur voru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki; um var að ræða 32 karla (29%), 53 konur (50%) og 24 fyrirtæki/stofnanir (22%).

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem tók sameiginlega ákvörðun um úthlutun.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 29 verkefna fyrir árið 2021 fyrir alls 52,4 m.kr. Þetta voru 4 karlar (14%), 15 konur (52%) og 10 fyrirtæki/stofnanir (34%). Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkupphæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað kr.
Angústúra	<i>Alþjóðleg borgaravitund ungs fólks</i>	2.000.000
Barnaheill – Save the Children á Íslandi	<i>Ég á líkama minn – Norskt fræðsluefni gegn kynferðisofbeldi</i>	1.000.000
Bergþór Bjarki Guðmundsson	<i>Kynfræðsluspilið Sleikur</i>	2.000.000
Berta Björnsdóttir	<i>Næringarspjallið</i>	2.000.000
Birna Varðardóttir	<i>Námsefni í næringarfræði fyrir framhaldsskólastig</i>	2.000.000
Bjargar ehf.	<i>Sjálfbærni í fatarhönnun með áherslu á stafræna hönnun</i>	2.000.000
Dagbjört Guðmundsdóttir	<i>100 orð</i>	2.000.000
Dröfn Rafnsdóttir	<i>1000 orða bókin</i>	4.000.000
Fab Lab Reykjavík/Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	<i>MEMA sprettur. Útgáfa kennslubókar fyrir nýsköpunarhraðal framhaldsskólanna</i>	2.000.000

Forlagið	<i>Félagsfræði – ég, við og hin</i>	1.550.000
Forlagið	<i>Mannfræði fyrir byrjendur</i>	900.000
Gígja Svavarsdóttir	<i>Þjóðsögur fyrir útlendinga</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Efnisfræði málmíðna</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Íslenska fyrir okkur hin</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Þjálffræði – gagnvirk verkefnavefbók</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Matreiðsla</i>	2.000.000
Krístur María Heiðberg	<i>Kútur litli – námsverkefni</i>	2.000.000
Marco Mancini	<i>Íslensk maurasamfélög. Smáar verur kenna börnum að hlúa að jörðinni/Ant societies of Iceland</i>	1.000.000
Mary Allyson Macdonald	<i>Frumkvæði fyrir sjálfbæra framtíð</i>	1.000.000
Rakel Edda Guðmundsdóttir	<i>„Með öðrum orðum“</i>	2.000.000
Rannveig Magnúsdóttir	<i>Námsefni um vistheimt og náttúruvernd fyrir miðstig grunnskóla</i>	2.000.000
Sara Lind Brynjólfsson	<i>Líkamleg heilsa</i>	1.930.000
Sigrún Eiríksdóttir	<i>Íslenska – Tölum saman</i>	2.000.000
Stefanía Lára Ólafsdóttir	<i>Barnabókin „Nú býr Lili á Íslandi“</i>	2.000.000
Stefán Svavarsson	<i>Að kenna sögu og gagnrýna hugsun með frumheimildum</i>	1.000.000
Sveinn Þorgeirsson	<i>Handboltaleikir á heimavelli</i>	1.997.000
Unnur Erla Hafstað	<i>Námsefni í heildun, opið á vef</i>	1.200.000
Valborg Sturludóttir	<i>Forritun í Python fyrir framhaldsskóla</i>	1.102.000
Valdís Ingibjörg Jónsdóttir	<i>Lestraraðferðin Sjáðu – heyrðu – finndu. Ævintýraför Stubbs og Stubbálinu í stafalandið</i>	1.717.000
		52.396.000

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 1. febrúar 2022

Skúli Leifsson, Rannís